

Fjárnámsgerð fógætadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 6. febrúar, var fógætaréttur Reykjavíkur settur að Grjótagötu 7 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A- 278/1970. Fálkinn h/f og Stál h/f gegn G. Þorsteinsson & Johnson h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 24/1968, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 112.274.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1967 til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 465.00, kr. 33.653.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarpóla mætir Guðmundur Árnason, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða, en samþykkir að gerðin fari fram hér.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógeti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 1 við Ármúla. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarpóla frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 17. maí 1971.

Nr. 56/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 164/1971: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 18. marz 1971, gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 4. maí 1946 í Reykjavík, „fyrir tékkafals, framið í Reykjavík miðvikudaginn 16. desember 1970, með því að standa að notkun eftirtalins tékka, útgefnum til handhafa, en við útgáfustað var stimplað: Þvottahús Vesturbæjar, á hlaupareikningsblað frá Búnaðarbanka Íslands. Tékka þennan falsaði ákærði Sigurjón og notaði tilbúin nöfn útgefanda og framseljanda, en af plaggi, sem ákærði fann í hlaupareikningstékkhefti því, er hann tók, varð ákærði þess vísari, að hlaupareikningsnúmer þvottahússins í bankanum var 1109, og skrifaði ákærði það númer á tékkann.

Tékkinn er: C. Nr. 30036, kr. 9.000.00, á hlaupareikning nr. 1109, dagsettur 18. des. 1970. Nafn útgefanda er ólæsilegt, nafn framseljanda Bogi Brynjar Jónsson. Tékka þennan seldi ákærði Búnaðarbanka Íslands og fékk hann greiddan að fullu.

Með þessum verknaði telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Arla morguns, eða um kl. 0600, þann 16. desember 1970 var ákærði á ferð um Ægisgötu, slæptur eftir drykkju. Brá hann sér inn í port þar til að kasta af sér vatni, og sá hann þá, að opið var inn í kjallara hússins, sem reyndist vera Þvottahús Vesturbæjar. Fór ákærði inn. Sá ákærði þar á borði liggja tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, og voru blöðin stimpluð með nafni Þvottahúss Vesturbæjar. Hafði ákærði tékkheftið á brott með sér. Seinna sama morgun, eða um kl. 1000, fór ákærði í Búnaðarbanka Íslands í Austurstræti og skrifaði þar einn tékka að fjárhæð kr. 9.000.00 úr hlaupareikningi þvottahússins nr. 1109, en það númer hafði hann séð á annarri ávísun, sem lá samanbrotin aftast í heftinu. Dagsetti hann ávísunina tvo daga fram í tímann, eða 18. desember 1970, og stílaði hana á handhafa. Undirskrift útgefanda er ólæsileg. Afhenti ákærði gjaldkeranum nú ávísunina, hann sendi ákærða með hana í bókun. Ákærði framseldi tékkann með nafninu Bogi Brynjar Jónsson. Fékk nú ákærði greiddar níu þúsund krónur, en þeirri fjárhæð eyddi ákærði í áfengi og skemmtanir.

Tékkheftið kveðst ákærði hafa rifið og fleygt í salernisskálina heima hjá sér.

Niðurstaða.

Með notkun tékkans með falsaðri nafnritun hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæru á hendur ákærða, Sigurjóni Hafnfjörð, fyrir skjalafals og þjófnað var hinn 22. júní 1964 frestað skilorðsbundið tvö ár. Síðan hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

1965 8/11 7 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1968 5/3 8 mánaða fangelsi fyrir gripdeild.

1969 1/12 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1970 10/6 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af fortíð hans ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu tékkafjárhæðarinnar, og ber að taka kröfu þessa til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Búnaðarbankanum Íslands kr. 9.000.00.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 110/1970. **Fosskraft s/f**
 (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Gústav Sigjónssyni
 (Gunnar Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Greiðsla fyrir akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu s. d. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna.

Kjarasamningar tókust eigi milli Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis og áfrýjanda. Í reynd létu ráðamenn Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis það viðgangast, að bifreiðastjórar félagsins framkvæmdu akstur þungaefnis fyrir áfrýjanda gegn þeirri gagngreiðslu, sem áfrýjandi bauð. Stefndi var einn þeirra bifreiðastjóra, sem í verki undirgekkst efnisflutning á vöruhifreið sinni fyrir áfrýjanda undir nefndu skilorði. Hann tók við gagngjaldi því, sem áfrýjandi vildi af hendi inna fyrir aksturinn, og gaf áfrýjanda fyrirvaralausar kvittanir fyrir greiðslum. Þegar af ástæðum þeim, sem nú voru raktar, standa eigi lög til þess að taka bakreikninga hans á hendur